VERKVIST

Ölduselsskóli

Ástandsskýrsla

17. október 2025

VERKVIST

SKÝRSLA 02

Ölduselsskóli - Innlit, rakaskimun og sýnataka

Skjalalykill:	**Verkefni:**
1241-109-SKY-02-V01	Ölduselsskóli
Verkstjórnandi:	**Verkkaupi:**
Böðvar Bjarnarsson (BB)	Reykjavíkurborg
Höfundar:	**Viðtakandi:**
Helga María Adolfsdóttir (HMA), Heiðdís Tinna Guðmundsdóttir (HTG)	Sigríður Bergmann Gunnarsdóttir

Dreifing:

☐ Trúnaðarmál
☒ Verkkaupi
☐ Opin

Dagsetning:

17. október 2025

Úrdráttur:

Ölduselsskóli samanstendur af fjórum samtengdum byggingum, tveimur byggingum þar sem meirihluti þaksins er hallandi og tveimur byggingum með flötu þaki. Fyrsti, annar og þriðji áfangi skólans voru reistir á árunum 1975–1997. Yngri hluti skólans er viðbygging reist í kringum 2006 og tengist hún norður byggingunni. Við skoðanir hefur komið í ljós að ýmis rakatengd vandamál eru til staðar í byggingunni en það þarf ekki að koma óvart í mannvirki á þessum aldri og þá sérstaklega ef að viðhald hefur ekki verið fullkomlega sinnt. Til að tryggja góð loftgæði og bæta innivist í húsnæðinu er mikilvægt að stöðva strax rakaupptök og fjarlægja allt rakaskemmt byggingarefni og bæta loftaskipti í húsnæðinu.

Útgáfusaga

Nr:	Höfundur/ar:	Dagsetning:	Rýnt:	Dagsetning:
01	Helga María Adolfsdóttir (HMA), Heiðdís Tinna Guðmundsdóttir (HTG)	17. október 2025	Böðvar Bjarnarsson (BB)	17. október 2025

SAMANTEKT

Óskað var eftir úttekt Verkvist ehf. af Reykjavíkurborg til að skoða restina af húsnæði Ölduselsskóla með tilliti til rakaástands og innivistar. Starfsmenn Verkvistar fóru að beiðni Reykjavíkurborgar í vettvangsskoðaðnir í Ölduselsskóla í maí, júní og júlí 2025 til að framkvæma rakaskimun og sýnatöku á öllum rýmum skólans. Samtals voru tekin 28 byggingarefnissýni og 19 DNA ryksýni úr restinni af skólanum og send erlendis til myglugreiningar. Alls hafa verið tekin um 70 byggingarefnissýni úr öllum skólanum. Við úttekt á byggingunni komu fram fjölmargar rakaskemmdir, mygla og viðhaldsþörf. Megin úrbótatillögur eru eftirfarandi:

Almennar áherslur

- Stöðva leka áður en ráðist er í innanhússviðgerðir.
- Fjarlægja og endurnýja allt rakaskemmt efni.
- Tryggja að nýjar lausnir samræmist nútímakröfum um öryggi, aðgengi, hljóðvist og gæði innivistar.
- Meta þarf hvort stefna eigi að tímabundnu viðhaldi (5-8 ár) eða varanlegri lausn (30-50 ár).

Atriði sem rannsaka ætti betur áður en farið er í úrbætur

- Lagnir: Myndatökur af regn-, dren- og fráveitulögnum og brunnum. Skrá stíflur, hæðarkóta og gerðir lagna, losa stíflur og skrá tillögur að úrbótum. Gera yfirlit yfir myndun og tegundir lagna.
- Rými: Fara í frekari rannsóknir í flestum rýmum skólans samhliða framkvæmdum.
- Hlutfallsrakamæla botnplötu/fyllingu þar sem rakahækkun eða mygla finnst.
- Taka fleiri byggingarefnissýni og DNA-sýni (m.a. 1. áfangi, 2. hæð).
- Loftgæðamæla rými þar sem lykt eða léleg loftun er til staðar.
- Opna byggingarhluta til að rekja orsök rakavandamála.
- Framkvæma úttekt á loftræsikerfi.
- Yfirfara gluggaþéttingar.

Úrbótaleiðir

Úrbætur má flokka í þrjár meginleiðir:

Leið A - Allsherjar endurnýjun:
Yfirgripsmikil endurnýjun bæði utan- og innanhúss, þar með talið gluggar, þak, gólf, múr, einangrun, lagnakerfi, loftræsing og ástandsmat á burðarvirki. Mælt er með uppfærslu á hljóðvist, aðgengi, lýsingu og öryggismál o.s.frv. í samræmi við nútíma kröfur samhliða endurnýjun. Þetta er varanleg lausn sem á að endast í 30–50 ár.

Leið B - Hluta endurnýjun:

- Útveggir: Hreinsun múrs og einangrunar á rakasvæði, sótthreinsun burðarveggja, inndælingar á sprungum og endurnýjun innra byrðis á völdum svæðum.
- Gluggar: Skipta um glugga miðað við forgangsröðun og þétta annars staðar.
- Gólf: Fjarlægja gólfefni á rakasvæðum og meðfram útveggjum.
- Þak: Stöðva leka svæðisbundið og viðgerðir á lekasvæðum innandyra.

Þetta er tímabundin lausn sem er áætlað að endist um 5-8 ár.

Leið - C Staðbundnar mótvægis aðgerðir:
Takmarkaðar aðgerðir.

- Útveggir: Staðbundnar inndælingar.
- Gluggar: Þéttingar á gluggum og yfirferð.
- Gólf og veggir: Fjarlægja rakaskemmt efni staðbundið.
- Þak: Yfirferð yfir helstu lekasvæði, fjarlægja rakaskemmd efni innandyra á verstu svæðum.

Þetta er einnig tímabundin lausn sem er áætlað að endist um 2-5 ár.

Helstu verkþættir við úrbætur:

Ytra byrði

- Opna og meta ástand steypu undir álklæðningu.
- Vatnsvörn og þétting niðurgrafinna veggja og sökkla.
- Meta/endurnýja allt múrkerfið.
- Yfirfara þök varðandi gróður, vatnshalla og þéttleika.
- Yfirfara niðurföll hvort stækka eigi eða hreinsa.

Gluggar

- Skipta þarf út móðuðum rúðum og gömlum, lélegum gluggum.
- Fara þarf í heildstæða yfirferð á gluggum og gluggaþéttingum, einkum þeim sem eru að innan.
- Botnlistar eru víða lélegir.

Gólfefni

- Fjarlægja skal gólfdúk sem er bólginn, slitinn eða myglaður.
- Fjarlægja þarf raka- og mygluskemmt efni úr gólfplötum. Þar sem við á skal brjóta upp eða slípa steypuna og framkvæma hlutfallsrakamælingar á botnplötum og fyllingu til að kortleggja umfang skemmda.

Loftræsing

- Bæta þarf loftræsingu sérstaklega í lokuðum rýmum með fáum gluggum eða þar sem lítil loftun á sér stað.
- Tryggja að loftskipti séu fullnægjandi fyrir notkun í hverju rými.
- Hreinsa þarf loftræsistokka að innan, tæknirými og yfirfara loftræstikerfin.

Kjallarar

- Endurnýjun eða lagfæring á lögnum í samræmi við niðurstöður lagnamyndatöku.
- Meta ástand gólfefnis, brjóta upp, slípa og/eða hlutfallsrakamæla.

INNANHÚSSRÝMI

Fjölmörg rými í öllum áföngum sýna merki um rakaskemmdir eða mögulega leka. Þörf er á frekari rannsóknum samhliða komandi viðgerðum, sýnatökum og endurnýjun rakaskemmdra efna til þess að greina orsök rakavandamála í rýmunum betur.

- Fjarlægja ætti gólfefni af gólfi sérstaklega í innanhúsrými við útveggi, brjóta a.m.k 1 cm inn í steypuna og kanna ástand útveggja að innan.

Sundlaugarhús

Úrbótatillögur miðast einungis við sjónskoðun ekki byggingarefnissýnatöku, til að kortleggja betur umfang rakaskemmda er mælt með frekari rannsóknum eins og byggingarefnissýnatöku.

- Skipta þarf út rúðum þar sem móða hefur myndast, almennt bæta gluggafrágang og meta hvort þurfi að endurnýja glugga eða einungis rúður.
- Fjarlægja þarf gólfefni, meta umfang rakaskemmda með hlutfallsrakamælingu og setja ný gólfefni.
- Í skriðkjallara þarf að einangra kaldavatnslagnir, endurnýja einangrun, framkvæma inndælingar í sprungur, fjarlægja rakaskemmt efni og endurnýja lélegar lagnir.
- Opna þarf sérstaklega í veggi þar sem bólgur sjást eða önnur rakaummerki og fjarlægja skemmt efni og endurnýja.

Niðurstaða

Úrbætur við Ölduselsskóla eru umfangsmiklar og nauðsynlegt er að ákveða hvort farið verði í allsherjar endurnýjun, hlutaendurnýjun eða staðbundnar aðgerðir. Í öllum tilvikum þarf að tryggja að lausnirnar bæti innivist, dragi úr rakavanda til framtíðar og tryggi öruggt og heilnæmt húsnæði fyrir nemendur og starfsfólk.

Nánari lýsing á viðgerðum finnast í kaflanum „Úrbótatillögur.“

EFNISYFIRLIT

1 Inngangur 7
2 Forsendur 7
2.1 Markmið 7
2.2 Aðferð 7
3 Lýsing á húsnæði 8
4 Skoðun 9
5 Umfjöllun 39
6 Úrbótatillögur 40
7 Viðauki 55

MYNDASKRÁ

1 Niðurstöður DNA ryksýna 14
2 Tré hefur komið sér fyrir við útkastið á þakinu í 3.áfanga. 16
3 Opið í einangrun hjá loftunarröri og engin loftunar hattur á rörinu. 16
4 Lélegur vatnshalli fyrir ofan kaffistofu kennara. 17
5 Yfirfallsrör sem búið er að bræða fyrir með tjörupappa fyrir ofan norðausturkennslustofu í 4.áfanga. 17
6 Laus dúkur á þaki kaffistofu kennara. 17
7 Stífluð og lítil niðurföll fyrir ofan kaffistofu kennara. 18
8 Mikill leki út frá niðurfalli á suðurhlið 4. áfanga. 18
9 Þakrenna í lélegu standi í 1. og 2. áfanga. 19
10 Ryðguð þakrenna í 1. og 2. áfanga. 19
11 Leki út frá þakrennu og lélegt ástand útveggs á norðurhlið 3.áfanga. 19
12 Lélegur gluggi í stigadós. 20
13 Móða í gleri í glugga í kennslustofu 5 á 2. hæð í 1. áfanga. 20
14 Engin gluggaþétting í kverk. 21
15 Þétting orðin léleg á norðvestur hlið 2.áfanga. 21
16 Engin innri þétting í kaffistofu kennara. 21
17 2. áfangi austurþakgluggi, léleg þétting í þakglugga. 22
18 1. áfangi, suðurþakgluggi lélegur. 22
19 Þétting á þakglugga kaffistofu kennara léleg, mikill mosavöxtur. 22
20 Ryðgað að innan í þakglugga kaffistofu kennara. 22
21 Kalkútfellingar fyrir ofan glugga í tengigangi 2. áfanga. 23
22 Miklar sprungur í múrklæðningu í 4. áfanga. 23
23 Veggskemmd. 23
24 Múrskemmdir á kanti. 23
25 Vantar þéttingu við vegg. 24
26 Slitinn gólfdúkur í suður skrifstofurýmum 2. áfanga. 25
27 Bólgur í dúk við hurð á milli 4. og 3. áfanga. 25
28 Sprungur í dúk í norðvestur skrifstofum 2. áfanga. 25
29 Verulega skítugur loftræsistokkur í kennslustofum 23 og 24 í 2. áfanga 26

30 Ryk í útsogi. 26
31 2. áfangi tæknirými kjallari, leki á loftræsisamstæðu fyrir samkomusal. 26
32 1. áfangi, mosavöxtur við lofttúðu. 26
33 2. áfangi kjallari 27
34 2. áfangi 1.hæð. 28
35 2. áfangi 2.hæð 29
36 3. áfangi kjallari 31
37 3. áfangi 1.hæð 32
38 3. áfangi 2.hæð 33
39 4. áfangi kjallari 34
40 4. áfangi 1.hæð 35
41 4. áfangi 2.hæð 36
42 Saltkristallar sem dropa af sér. 38
43 Einangrun í slæmu standi. 38
44 Bólga í dúk. 38
45 Bólga í vegg. 38
46 Sprunga í múrhúð. 39
47 Þakkantur í slæmu ástandi. 39
48 2. áfangi kjallari 44
49 2. áfangi 1.hæð 45
50 2. áfangi 2.hæð 46
51 3. áfangi kjallari 48
52 3. áfangi 1.hæð 49
53 3. áfangi 2.hæð 50
54 4. áfangi kjallari 51
55 4. áfangi 1.hæð 52
56 4. áfangi 2.hæð 53

1 INNGANGUR

Í framhaldi af ástandskoðun á elsta hluta húsnæðis var ákveðið að skoða skyldi húsnæðið í heild sinni til þess að hægt sé að leggja fram heildstætt mat á ástandi hússins. Í þessari skoðun var farið yfir restina af skólanum af starfsfólki VERKVIST í maí, júní, júlí og ágúst 2025. Framkvæmd var sjónskoðun, rakaskimun, byggingarefnissýnataka og DNA ryksýnataka á öllu húsnæðinu.

2 FORSENDUR

Tilgangur skoðunar, rakaskimunar og sýnatöku var að meta umfang og útbreiðslu hugsanlegra rakaskemmda í byggingarhlutum. Beiðni barst um að skoða restina af skólanum sem er áframhald af fyrri ástandsúttekt sem fór fram í apríl á vegum VERKVISTAR. Framkvæmdir eru nú í gangi í 1. áfanga í unglingadeild, kaffistofu starfsmanna og frístund í 2. áfanga, þessi skýrsla mun ekki fjalla um þau svæði.

Í þessari greinargerð er notast við hluta ***1241-109-SKY01-V01-Ölduselskóli-rakaskimun-og-sýnataka-VERKVIST-205.pdf*** frá VERKVIST.

Í sumum tilvikum voru byggingarefnissýni tekin bæði á framkvæmdarsvæði og vegna rannsókna á restinni af skólanum og eru því ekki endilega í réttri röð. Einnig fylgja aukaleg sýni í viðauka sem eiga ekki við þessa skýrslu.

2.1 MARKMIÐ

Meginmarkmið úttektarinnar er að skoða húsnæðið með tilliti til ástands, innivistar og kanna hvort rakavandamál eru til staðar (meta orsök þeirra og umfang). Úrbótatillögur verða útfærðar útfrá niðurstöðum ástandsskoðunarinnar.

2.2 AÐFERÐ

Húsnæðið var skoðað sjónrænt að innan og utan og athugasemdir kortlagðar. Farið var yfir öll umbeðin rými með snertirakamælum til að kanna möguleika á raka í byggingarefnum. Eftir að búið var að kortleggja rakaástand byggingarinnar voru tekin sýni á völdum stöðum.

3 LÝSING Á HÚSNÆÐI

Ölduselsskóli samanstendur af fimm byggingum, fjórum samtengdum byggingum, 1., 2., 3. og 4. áfanga og sundlaugarhúsi sem stendur stakt á lóðinni austan við skólabyggingarnar. Fyrsti og elsti áfanginn stendur syðst á lóðinni og var tekinn í notkun í kringum 1975. Í kringum 1980 var 2. áfangi tekinn í notkun en hann stendur norðan við 1. áfanga og er tengdur með tengigangi. Sundlaug og sundlaugarbygging eru byggð í kjölfar 2. áfanga og tekin í notkun í kringum 1988. Þriðji áfangi er síðan byggður sem tvær viðbyggingar við austurenda 2. áfanga, 3. áfangi er tekinn í notkun í kringum 1997. Fjórði áfangi er síðan byggður í austur í framhaldi af 3. áfanga. Lokið var við byggingu 4. áfanga haustið 2007.

Fyrsti áfangi er bæði einangraður að utan og innan, efri hæð 1. áfanga hefur verið breytt og einangruð að utan og klædd með álklæðningu og múrkerfi að hluta. Byggingar annars og þriðja áfanga eru bæði einangraðir að innan og að utan. Yfirborðsklæðning að utan er með hraun áferð og einnig er álklætt að hluta. Fjórði áfangi er einangraður að utan og klæddur múrkerfi og álklæðningu á víxl. Yfirlitsmynd yfir uppbyggingu byggingarhluta í útvegg er að finna í viðhengi í skjali ***1241-109-MYND-Yfirlit bygging-arhluta.pdf***

Á myndinni hér fyrir neðan má sjá skiptingu á milli bygginga skólans.



4 SKOÐUN

Húsnæði skólans var sjónskoðað og rakaskimað. Niðurstöður ástandsskoðunar eru merktar inn á grunnmynd byggingarinnar hér fyrir neðan. Þau svæði sem ekki voru til skoðunar eru merkt grá á teikningu.

RAKASKIMUN

Rakaskimun er framkvæmd til að athuga hvort að einhver byggingarefni í tilteknu rými eru með hækkað rakastig miðað við það sem getur talist eðlilegt. Þar sem rakastig er hátt eru auknar líkur á mygluvexti og öðrum rakaskemmdum. Rakaskimun er framkvæmd fyrst með sjónskoðun en oft má sjá ummerki eins og bólgur, hreyfingar, litamismun eða tauma utan á byggingarefnum eða í byggingarhluta. Einnig eru notaðir svo kallaðir leiðnimælar, sem nema frávik í rakastigi byggingarefnis sem gefa til kynna að um sé að ræða rakaskemmt byggingarefni. Niðurstöður rakaskimunar eru merktar inn á grunnteikningu og eftirfarandi litakóði er notaður til að sýna staðsetningar rakaskemmda á tilteknum svæðum.

GÓLF VEGGIR LOFT

BYGGINGAREFNISSÝNATAKA

Efnissýni eru tekin úr byggingarefni til þess að greina hvort að mygla vaxi í tilteknu efni á þeim stað þar sem sýnið er tekið. Sýni eru tekin úr byggingarefni á þeim stöðum þar sem skoðunaraðili telur líklegast að hægt sé að finna myglu út frá rakaskimun og upplýsingum sem liggja fyrir við skoðun. Í ákveðnum tilfellum eru einnig tekin sýni af svæðum sem skoðunaraðili telur ekki bera merki um rakaskemmdir, til að afmarka skemmdirnar eða fá betra yfirlit yfir umfang þeirra. Sýnin eru síðan send til smásjárgreiningar hjá rannsóknarstofu ByggMyko í Svíðþjóð. Efnissýnataka gefur upplýsingar um hvort tiltekið efni eða sýni sé myglað og þá hversu mikið. Við greiningu eru tegundir myglu greindar og útbreiðsla innan eða utaná efni metið út frá skilgreindu kerfi. Þá er hægt að leggja mat á hversu alvarlegar hugsanlegar skemmdir á byggingarefni eða -hluta eru og ákvarða hvernig hægt er að bregðast við á skilvirkan máta og leggja fram tillögur til úrbóta. Í ljósi rakaskimunar og sjónskoðunar var ákveðið að taka byggingarefnissýni til að meta umfang rakaskemmda.

Eftirfarandi form eru notuð á teikningar að neðan til að sýna

SÝNI ÚR GÓLFI SÝNI ÚR VEGG SÝNI ÚR LOFTI

Eftirfarandi litir eru notaðir á teikningar að neðan til að sýna grófar niðurstöður efnissýnatöku, nánari umfjöllun á niðurstöðum frá rannsóknarstofu ByggMYKO má finna í viðhengi ***1241-109-BES-Niðurstöður byggsýna 01.08.25 s1-.pdf*** og ***1241-109-BES-Niðurstöður byggsýna 04.08.25 s28-34, s51-57.pdf***

Enginn mygluvöxtur Ummerki um myglu/ bakteríuvöxtur Mygla/bakteríur


S-15
S-14
DNA-11: E
Mældist hátt neðan í súlu
S-17
S-18
S-19
DNA-10: F
S-21
S-16
S-13
S-12
S-23
S-20
Hátt í sólbekk í horni
og undir glugga
Gluggaop
Sýnileg mygla
DNA-9: C
4. áfangi byggður ca 2006
3. áfangi byggður ca 1997
2. áfangi byggður ca 1980
Kjallari


Timbur plata í gólfi
Mælist hátt í múrnum neðan við glugga
DNA-8: E
Skrýtin lykt
S-31
Neðst í stiga
S-22
Lak með þakglugga 22.05.25
S-25
S-26
S-57
Rakaummerki í loftaplötu
S-27
DNA-12: E
Slæmt loft
Svartur blettur í hurðarkarmi
Mælist hátt í samskeytum glugga og veggjar
4. áfangi, byggður ca 2006
3. áfangi, byggður ca 1997
2. áfangi, byggður ca 1980
1. hæð


Efnalykt í rýmum á þessu svæði
DNA-4: C
Mæla loftgæði
DNA-5: E
Sprungur í gólfi
DNA-6: E
DNA-13: B
DNA-7: D
Límtrés biti
DNA-3: C
DNA-2: F
S-11
S-8
Mældist hátt undir ofni
S-9
DNA-1: D
S-29
S-10
S-28
S-30
Bólgur í gólfi
S-7
S-6
S-4
S-5
Vond lykt í rými
Bólga í dúk
4. áfangi byggður ca 2006
3. áfangi, byggður ca 1997
2. áfangi, byggður ca 1980
1. áfangi, byggður ca 1975
DNA-18: A
Geymsla og þurrkherbergi
(engin loftun)
DNA-17: C
DNA-16: A
2. hæð
DNA-15: D
Gluggi við gólf, undir
opnanlegum fögum
S-20 úr
skýrslu 1
DNA-14: C
Undir opnanlegum fögum
S-19 úr
skýrslu 1
Við hurð
DNA-19: B
Við glugga
Gamall leki

DNA RYKSÝNATAKA

DNA sýni eru ryksýni sem eru tekin af yfirborðsflötum þar sem ryk hefur fengið að safnast upp til lengri tíma. Ryki er þá safnað á strokupinna eftir leiðbeiningum frá rannsóknarstofu og síðan eru þau send til raðgreiningar hjá rannsóknarstofu HouseTest í Danmörku.

DNA ryksýni gefa mynd á hvernig dreifing gróa og svepphluta er í lofti eða ryki og geta gefið vísbendingar um faldar rakaskemmdir í tilteknu rými. Við greiningu er tegundasamsetning og magn myglugróa og mygluhluta í ryki skoðað og er þá hægt að álykta um uppruna þeirra og hvort þau séu frá eðlilegri fúngu innanhúss eða utandyra eða hvort að samsetning gefi tilefni til að skoða betur hvort einhvers staðar sé falin rakaskemmd. Niðurstöður gefa þó ekki rétta mynd á staðsetningu hugsanlegra rakaskemmda. Athuga skal að niðurstöður ryksýna eru ætlaðar til þess að gefa mynd á alvarleika hugsanlegra rakaskemmda í tilteknu rými en ekki hversu heilsuspillandi myglusamsetningin er hverju sinni.

Eftirfarandi litir og stafir eru notaðir á teikningum að neðan til að sýna grófar niðurstöður ryksýnatöku, nánari umfjöllun má finna í ***1241-109-DNA-Niðurstöður DNA 09.07.25.pdf*** og ***1241-109-DNA-Niðurstöður DNA 25.09.25.pdf***

- **A** Eðlileg myglusamsetning. Ósennilegt að leyndar rakaskemmdir séu í rými
- **B** Eilítið hækkuð gildi af einhverjum myglutegundum en þó ekki af tegundum sem þrífast almennt í rökum svæðum innandyra. Ósennilegt að leyndar rakaskemmdir séu í rými
- **C** Myglusamsetning óeðlileg. Tiltölulega líklegt að rakaskemmdir séu í rými en einnig mögulegt að myglugró komi utanfrá
- **D** Myglusamsetning óeðlileg og mikið magn. Annaðhvort er virkur mygluvöxtur í rými eða hefur áður áður verið það
- **E** Myglusamsetning óeðlileg og mikið magn. Hækkuð gildi af myglu tegundum sem þrífast í rökum svæðum innandyra. Líklega rakaskemmdir í rými
- **F** Myglusamsetning óeðlileg og mjög mikið magn. Mikið hækkuð gildi af myglu tegundum sem þrífast í rökum svæðum innandyra. Mjög líklega alvarlegar rakaskemmdir í rými

NIÐURSTÖÐUR DNA RYKSÝNATÖKU

NR.	DAGSETNING	RAÐNR.	SÝNATÖKUSTAÐUR	HVAR	NIÐURSTAÐA
1	02.07.25	VKT 553	2. hæð, 4. áf, kennslurými	Ofan af skáp	D
2	02.07.25	VKT 554	2. hæð list og verkgreinar	Ofan af innréttingu	F
3	02.07.25	VKT 556	2. hæð 6. bekkur	Ofan af skáp	C
4	02.07.25	VKT 555	2. hæð Skrifst. Námsráðgjafa	Ofan af mynd	C
5	02.07.25	VKT 557	2. hæð Fundarherbergi	Ofan af mynd	E
6	02.07.25	VKT 559	2. hæð Skrifst. skólastjóra	Ofan af mynd	E
7	02.07.25	VKT 558	2. hæð Skrifst. Husvarðar	Ofan af mynd	D
8	02.07.25	VKT 560	1. hæð, Myndmennt	Ofan af töflu	E
9	02.07.25	VKT 568	Kjallari, Íþróttasalur	Ofan af marki	C
10	02.07.25	VKT 563	Kjallari, Saumastofa	Ofan af töflu	F
11	02.07.25	VKT 562	Kjallari, Smíðastofa	Ofan af hillu	E
12	02.07.25	VKT 564	1. hæð, 3. bekkur	Ofan af töflu	E
13	02.07.25	VKT 566	2. hæð, Bókasafn	Ofan af hillu	B
14	19.09.25	VKT 365	1. áf 2.h Stofa 8	Ofan af timburlista	C
15	19.09.25	VKT 366	1. áf 2.h Stofa 7	Ofan af timburlista	D
16	19.09.25	VKT 745	1. áf 2.h Alrými	Ofan af tússtöflu	A
17	19.09.25	VKT 367	1. áf 2.h Stofa 4	Ofan af hurðarkarmi	C
18	19.09.25	VKT 368	1. áf 2.h Geymsla yfirhafnir	Ofan af lista	A
19	19.09.25	VKT 369	1. áf 2.h Anddyri	Ofan af gluggakarmi í glugga	B

Mynd 1. *Niðurstöður DNA ryksýna*

Samantekt niðurstaðna DNA-ryksýna

- **VKT 553:** Einkunn D. Greindist ein tegund rakasækna sveppahluta af tegundinni Chaetomium globosum og aukið magn og margar tegundir annarra sveppahluta sem styður grun um rakavandamál.
- **VKT 554:** Einkunn F. Greindist hátt magn og margar tegundir rakasækinna sveppahluta ásamt háu magni annarra sveppahluta sem gefur til kynna að rakaskemmdir eru til staðar.
- **VKT 556:** Einkunn C. Greindist ein tegund af rakasæknum sveppahlutum en hún var af tegundinni Chaetomium globosum ásamt smá magni af öðrum sveppahlutum.
- **VKT 555:** Einkunn C. Greindust engir rakasæknir sveppahlutar en þó aukið magn annarra sveppahluta.
- **VKT 557:** Einkunn E. Greindust engir rakasæknir sveppahlutar en þó hátt magn annarra sveppahluta og margar tegundir.

- **VKT 559:** Einkunn E. Greindist ein tegund rakasækna sveppahluta af tegundinni Ulocladium chartarum og hátt magn annarra sveppahluta.
- **VKT 558:** Einkunn D. Greindist ein tegund rakasækinna sveppahluta af tegundinni Chaetomium globosum og aukið magn annarra sveppahluta.
- **VKT 560:** Einkunn E. Greindist engin tegund rakasækinna sveppahluta en þó hátt magn annarra sveppahluta.
- **VKT 568:** Einkunn C. Greindist hátt magn af tegundinni Tricoderma viride en hún er rakasækin sveppategund ásamt auknu magni annarra sveppahluta.
- **VKT 563:** Einkunn F. Greindust tvær tegundir rakasækinna sveppahluta og hátt magn og margar tegundir annarra sveppahluta.
- **VKT 562:** Einkunn E. Greindust engar tegundir rakasækinna sveppahluta en þó aukið magn og margar tegundir annarra sveppahluta.
- **VKT 564:** Einkunn E. Greindust engar tegundir rakasækinna sveppahluta en þó hátt magn og margar tegundir annarra sveppahluta.
- **VKT 566:** Einkunn B. Greindust engar tegundir rakasækinna sveppahluta en þó aukið magn annarra sveppahluta.
- **VKT 365:** Einkunn C. Greindist ein tegund rakasækna sveppahluta af tegundinni Chaetomium globosum og aukið magn annara sveppahluta.
- **VKT 366:** Einkunn D. Greindust engar tegundir rakasækinna sveppahluta en þó aukið magn og margar tegundir annarra sveppahluta.
- **VKT 745:** Einkunn A. Greindust engar tegundir rakasækinna sveppahluta en þó aðrar tegundir sveppahluta.
- **VKT 367:** Einkunn C. Greindust engar tegundir rakasækinna sveppahluta en þó aukið magn annara sveppahluta.
- **VKT 368:** Einkunn A. Greindust engar tegundir rakasækinna sveppahluta en þó lítið magn annarra sveppahluta.
- **VKT 369:** Einkunn B. Greindust engar tegundir rakasækinna sveppahluta en þó eitthvað magn annara sveppahluta.

FLÖT ÞÖK

Tvö þakniðurföll á flötu þaki í 3. áfanga fyrir ofan stigaganga eru staðsett á hæsta punkti og sinna því ekki hlutverki sínu sem frárennslisleiðir. Af þeim sökum myndast pollar víða á þakinu. Gróður og trjávöxtur hefur víða fest rætur á flötum þökum þar sem rætur trjáa geta smogið í gegnum þakdúk og jafnvel einangrun. Við það getur skapast hætta á að vatn leki meðfram rótunum og valdi rakaskemmdum. Mögulegur leki er á milli samskeyta þakröra inni í veggjum í 3. áfanga. Viðgerð vegna leka úr þaki í lofti í kennslustofu í norðaustri á 2. hæð, var framkvæmd með litlum bút af tjörupappa yfir yfirfallsrör, sjá mynd 5, frágangur við skoðun er ekki fullnægjandi. Mögulega er gat á rörinu sem gæti hafa valdið lekanum. Við annað yfirfallsrör er rifinn þakdúkur og opið í einangrun, sjá mynd 3.

Mynd 2. *Tré hefur komið sér fyrir við útkastið á þakinu í 3.áfanga.*

Mynd 3. *Opið í einangrun hjá loftunarröri og engin loftunar hattur á rörinu.*

Mynd 4. *Lélegur vatnshalli fyrir ofan kaffistofu kennara.*

Mynd 5. *Yfirfallsrör sem búið er að bræða fyrir með tjörupappa fyrir ofan norðausturkennslustofu í 4.áfanga.*

Mynd 6. *Laus dúkur á þaki kaffistofu kennara.*

NIÐURFÖLL

Flest þakniðurföll eru illa staðsett, stífluð og fremur lítil. Sum niðurföllin leka og geta lekið innan við klæðningu.

Mynd 7. *Stífluð og lítil niðurföll fyrir ofan kaffistofu kennara.*

Mynd 8. *Mikill leki út frá niðurfalli á suðurhlið 4. áfanga.*

ÞAKRENNUR

Þakrennur eru víða illa farnar af ryði og halda ekki vatni.

Mynd 9. *Þakrenna í lélegu standi í 1. og 2. áfanga.*

Mynd 10. *Ryðguð þakrenna í 1. og 2. áfanga.*

Mynd 11. *Leki út frá þakrennu og lélegt ástand útveggs á norðurhlið 3.áfanga.*

GLUGGAR

Móða finnst innan í gleri á nokkrum gluggum í skólanum og eru sumir gluggarnir orðnir lélegir og kominn tími á að endurnýja þá. Einnig vantar þéttingu í kverkar á nokkrum gluggum. Við skoðun á kaffistofu kennara kom í ljós að gluggar voru ekki nægilega þéttir að innan, eða þéttingu vantaði alfarið. Þetta er sérstaklega alvarlegt þar sem slíkt getur valdið undirþrýstingi og þar með sogið vatn inn.

Mynd 12. *Lélegur gluggi í stigadós.*

Mynd 13. *Móða í gleri í glugga í kennslustofu 5 á 2. hæð í 1. áfanga.*

Mynd 14. *Engin gluggaþétting í kverk.*

Mynd 15. *Þétting orðin léleg á norðvestur hlið 2.áfanga.*

Mynd 16. *Engin innri þétting í kaffistofu kennara.*

Mynd 17. *2. áfangi austurþakgluggi, léleg þétting í þakglugga.*

Mynd 18. *1. áfangi, suðurþakgluggi lélegur.*

Mynd 19. *Þétting á þakglugga kaffistofu kennara léleg, mikill mosavöxtur.*

Mynd 20. *Ryðgað að innan í þakglugga kaffistofu kennara.*

MÚRKLÆÐNING

Sprungur og skemmdir eru víða á múrhúð.

Mynd 21. *Kalkútfellingar fyrir ofan glugga í tengigangi 2. áfanga.*

Mynd 22. *Miklar sprungur í múrklæðningu í 4. áfanga.*

Mynd 23. *Veggskemmd.*

Mynd 24. *Múrskemmdir á kanti.*

SÖKKULL/NIÐURGRAFNIR VEGGIR

Á sumum stöðum vantar þéttingu við vegg.

Mynd 25. *Vantar þéttingu við vegg.*

SÓLBEKKIR

Enn eru til staðar sólbekkir úr asbesti á fyrstu og annarri hæð skólans. Sjá minnisblað 1241-109-MIN-02-V01 - Ölduselsskóli asbest sólbekkir.

GÓLF

Slitinn gólfdúkur og bólgur í dúknum finnast víða.



Mynd 26. *Slitinn gólfdúkur í suður skrifstofurýmum 2. áfanga.*

Mynd 27. *Bólgur í dúk við hurð á milli 4. og 3. áfanga.*

Mynd 28. *Sprungur í dúk í norðvestur skrifstofum 2. áfanga.*

LOFTRÆSING

Sumir loftræsistokkar eru orðnir verulega skítugir og er mikil ryksöfnun við sum útsog.

Mynd 29. *Verulega skítugur loftræsistokkur í kennslustofum 23 og 24 í 2. áfanga*

Mynd 30. *Ryk í útsogi.*

Mynd 31. *2. áfangi tæknirými kjallari, leki á loftræsisamstæðu fyrir samkomusal.*

Mynd 32. *1. áfangi, mosavöxtur við lofttúðu.*

2. ÁFANGI

Kjallari



Mynd 33. *2. áfangi kjallari*

Málmsmíði: Hækkað rakamagn mældist í röri í súlu við glugga og aðeins í gólfi. Tekin voru tvö byggingarefnissýni úr stofunni, eitt úr súlu og eitt úr gólfi við súlu. Mygla greindist ca 2 cm djúpt í súlunni og í ca 30% af holrýmunum hinsvegar greindist ekki mygla í gólfsýninu. DNA-ryksýnið sem var tekið í stofunni hlaut einkunnina E.

Hringstigi: Hækkað rakamagn mældist í gólfi neðst í stiganum. Tekið var eitt byggingarefnissýni úr gólfi við neðsta þrep og greindist mygla undir dúknum í nokkru magni hinsvegar fannst engin mygla í steypunni.

1. hæð



Mynd 34. *2. áfangi 1.hæð.*

Inngangur við hringstiga: Hækkað rakamagn mældist í gólfum við útveggi og tekið var eitt byggingarefnissýni úr gólfinu. Mygla greindist í nokkru magni a.m.k 1.5 cm djúpt í steypunni og í ca 50% af holrýmunum.

Salur: Hækkað rakamagn mældist í gólfi við ramp og í vegg við stiga í austri. Tekið var eitt byggingarefnissýni úr gólfinu við rampinn og greindist mygla í nokkru magni ca 1 cm djúpt í steypunni og í ca 20% af holrýmunum. Einnig hafa sést silfurskottur ráfa um salinn.

Gangur fyrir utan frístund: Tekið var eitt byggingarefnissýni úr gólfi þar sem klósett voru áður og greindist mygla í miklu magni ca 1.5 cm djúpt í steypunni og í ca 30% af holrýmunum.

Stofa nr. 17: Rakaummerki sáust í loftaplötu við útvegg.

Geymsla við hliðina á stofu 17: Rakaummerki sáust í kverk við útvegg.

Stofa nr. 23: Rakaummerki sáust í lofti í horni.

2. hæð



Mynd 35. *2. áfangi 2.hæð*

Skrifstofur í norðvestri: Það fundust sprungur í gólfdúk í rýmunum og slæm loftgæði, mögulega að hluta til vegna plastgardína. DNA-ryksýnin sem tekin voru í skrifstofu námsráðgjafa og í fundarherbergi hlutu einkunnina C og E.

Forstofa: Hækkað rakamagn mældist í litlum blett í gólfi við útvegg.

Skrifstofa skólastjóra: DNA-ryksýni sem tekið var úr skrifstofu skólastjóra hlaut einkunnina E.

Skrifstofa húsvarðar: Rakaummerki sáust í límtrésbita og DNA-ryksýni sem var tekið hlaut einkunnina D.

Bókasafn: DNA-ryksýnið sem var tekið hlaut einkunnina B.

Þakgluggar fyrir framan bókasafn: Lekið hefur oft úr gluggunum og er samkvæmt húsverði talið að vandamálið séu ekki gluggarnir heldur mögulega klæðningin.

Lyfta: Hækkað rakamagn mældist í vegg við lyftustokk.

Vinnustofa kennara: DNA-ryksýnið sem var tekið hlaut einkunnina C.

Kennarastofa og nærliggjandi rými: Hækkað rakamagn mældist í gólfi við útvegg. Búið er að fjarlægja kerfisloft og einangrun og var sjáanleg mygla í steypunni. Járnbending er staðsett mjög neðarlega í steyptu lofti og er orðið mjög ryðgað. Miklar sprungur eru í steyptri milliplötunni. Kalkútfellingar sáust víða í steypunni fyrir ofan glugga eftir að innri frágangur var fjarlægður. Tekin voru þrjú sýni úr gólfi, átta

úr lofti og eitt úr útvegg til að meta umfang myglunnar. Mygla greindist í miklu magni í tveimur gólfsýnum við útvegginn. Mest greindist hún um það bil 1,5 cm djúpt í steypunni og í um 75% af holrýmunum. Einnig greindist mygla í fimm sýnum sem tekin voru úr lofti í steyptri þakplötu, eitt þeirra staðsett í eldhúsinu og hin í kennarastofunni. Mesta myglan sem greindist í sýnunum var í kennarastofunni. Hún reyndist þó vera í litlu magni, um það bil 1 cm djúp í steypunni og í um 10% af holrýmum. Engin mygla greindist í veggsýninu.

Suður stigapallur: Hækkað rakamagn mældist í flísum á gólfi við útvegg og anddyri, ekki var tekið sýni að svo stöddu en þarf að fylgjast með svæðinu og taka sýni til greiningar.

3. ÁFANGI

Kjallari



Mynd 36. *3. áfangi kjallari*

Stofa nr. 26/Saumastofa: Hækkað rakamagn mældist í gólfi við útvegg. Mögulega er leki innan í klæðningu. Tekin voru þrjú byggingarefnissýni úr gólfinu og greindist mygla í tveimur þeirra við útvegginn. Mest greindist hún í miklu magni ca. 0.5 cm djúp í steypunni og í ca. 50% af holrýmunum. DNA-ryksýnið sem var tekið í stofunni hlaut einkunnina F.

Stofa nr.27: Hækkað rakamagn mældist í vegg ofan við glugga og smá í gólfi fyrir neðan glugga. Þetta gæti stafað vegna leka úr samskeytum þakrörs. Tekið var eitt byggingarefnissýni úr gólfi við útihurðina og greindist mygla í nokkru magni ca. 0.3 cm djúpt í steypunni og í ca 50% af holrýmunum.

Stofa nr.28: Hækkað rakamagn mældist í vegg ofan við glugga og í sólbekk í horni. Þetta gæti stafað

vegna leka úr samskeytum þakrörs. Tekin voru tvö byggingarefnissýni úr stofunni, eitt úr gólfi og eitt úr útvegg. Engin mygla greindist í veggsýninu en hinsvegar greindist mygla í nokkru magni í gólfsýninu við útihurðina, hún var ca. 0.2 cm djúp í steypunni og í ca. 30% af holrýmunum.

Stofa nr. 29: Rakaummerki sáust í lofti.

1. hæð



Mynd 37. *3. áfangi 1.hæð*

Myndmenntastofa: Hækkað rakamagn mældist í vegg við einn gluggann. DNA-ryksýnið sem tekið var í stofunni hlaut einkunnina E.

Gangur fyrir framan myndmenntastofu Hækkað rakamagn mældist í gólfi og vegg við glugga að útisvæði. Tekið var eitt byggingarefnissýni úr gólfinu við gluggan en engin mygla greindist í því sýni.

Kennslustofa nr. 23: Hækkað rakamagn mældist í samskeytum við glugga að útisvæði. Þetta gæti stafað vegna leka úr samskeytum þakrörs. Einnig sáust rakaummerki í lofti í norðaustur horni stofunnar.

Kennslustofa nr. 24 Hækkað rakamagn mældist í samskeytum við glugga að útisvæði. Þetta gæti stafað vegna leka úr samskeytum þakrörs. Einnig sást svartur blettur í hurðarkarminum á milli stofa.

3. bekkur stofa: Frekar slæmt loft fannst í rýminu og mældist hækkað rakamagn í gólfi við glugga. Tekið var eitt byggingarefnissýni úr gólfinu við útvegg og greindist mygla í miklu magni ca. 0.2 cm djúp í

steypunni og í ca. 75% af holrýmunum. DNA-ryksýnið sem var tekið í stofunni hlaut einkunnina E.

2. hæð



Mynd 38. *3. áfangi 2.hæð*

List og verkgreinastofa: Hækkað rakamagn mældist í norðaustur horni við útvegg. Tekið var eitt byggingarefnissýni úr gólfinu við útvegginn en engin mygla greindist í því sýni. DNA-ryksýnið sem var tekið í stofunni hlaut einkunnina F.

Gangur fyrir framan list og verkgreinastofu: Hækkað rakamagn mældist í vegg við glugga að inngarði og sást bólga í dúknum við hurð. Tekið var eitt byggingarefnissýni úr útveggnum en engin mygla greindist í því sýni.

Námsver: Hækkað rakamagn mældist í gólfi í sitthvorum endum við gluggann. Tekin voru tvö byggingarefnissýni úr gólfinu úr þessum endum og greindist mygla í bæði sýnunum. Mest greindist hún í miklu magni ca. 1 cm djúp í steypunni og í ca. 30% af holrýmunum.

4. ÁFANGI

Kjallari



Mynd 39. *4. áfangi kjallari*

Áhaldageymsla: Gifsveggur blautur við vask og var sýnileg mygla í veggnum. Hækkað rakamagn mældist í gólfi við niðurfall. Tekið var eitt byggingarefnissýni úr gólfinu við niðurfallið en engin mygla greindist í sýninu.

Íþróttasalur: DNA-ryksýnið sem var tekið ofan af marki hlaut einkunnina C.

Anddyri: Hækkað rakamagn mælist í horni útveggjar og útihurðar.

Tröppur og pallur: Tekið var eitt gólfsýni undir stiga og greindist mygla í miklu magni undir dúknum.

1. hæð



Mynd 40. *4. áfangi 1.hæð*

Æfingaherbergi Skrýtin lykt fannst í rýminu.

Vinnusvæði Hækkað rakamagn mældist í gólfi við glugga að útisvæði. Tekið var eitt byggingarefnissýni úr gólfinu en engin mygla greindist í sýninu.

2. hæð



Mynd 41. *4. áfangi 2.hæð*

Kennslustofa í norðaustri

Hækkað rakamagn mældist:

- Í lofti við útvegg fyrir framan geymslu
- Í gólfi við útvegg fyrir framan geymsluna
- Í veggjum við glugga
- Í gólfi í hornum

Tekin voru þrjú byggingarefnissýni úr stofunni, eitt úr lofti, eitt úr gólfi og eitt úr veggnum. Mygla greindist einungis í gólfsýninu en hún var í miklu magni undir dúknum. DNA-ryksýnið sem var tekið úr stofunni hlaut einkunnina D.

Vinnustofa kennara 2. og 4. bekkja

Hækkað rakamagn mældist í gólfi við útvegg og undir ofni. Tekið var eitt byggingarefnissýni úr gólfinu í horninu við útvegginn en engin mygla greindist í því sýni.

Gangur fyrir framan norðaustur kennslustofu

Raki mældist í vegg við útihurð. Tekið var eitt byggingarefnissýni úr veggnum en engin mygla greindist í því sýni.

Vinnusvæði Hækkað rakamagn mældist í gólfi og í vegg við glugga að útisvæði. Tekin voru tvö bygging-arefnissýni úr útveggnum og gólfinu en engin mygla greindist í sýnunum.

Vinnustofa Bólga var í dúknum. Einnig sáust rakaummerki í lofti inn á baðherbergi.

SUNDLAUGARHÚS

Skriðkjallari:

Mikill leki hefur átt sér stað í kjallaranum og sáust kalkútfellingar víða í steypu. Einangrun í lofti er í slæmu ástandi og eru rakaskemmdir til staðar víða. Virkur leki er úr loftinu og hafa myndast saltkristallar sem dropa af sér. Mikil rakaþétting á sér stað á kaldavatnslögn vegna mikils hitamismunar. Hár hiti er til staðar í rýminu.

Mynd 42. *Saltkristallar sem dropa af sér.*

Mynd 43. *Einangrun í slæmu standi.*

Jarðhæð:

Bólgur finnast á dúk og í veggjum víða, mældist einnig hækkað rakamagn í dúk. Kvartað hefur verið undan leka meðfram samskeytum margra glugga og hurða. Móða hefur myndast innan í gleri nokkurra glugga.

Mynd 44. *Bólga í dúk.*

Mynd 45. *Bólga í vegg.*

Utanhúss:

Ástand sundlaugarhúss að utan er fremur slæmt. Sprungur finnast víða í múrhúð og á þakkanti.

Mynd 46. *Sprunga í múrhúð.*

Mynd 47. *Þakkantur í slæmu ástandi.*

5 UMFJÖLLUN

Niðurstöður ástandskoðunar hafa leitt í ljós að talsverðar rakaskemmdir séu til staðar víða í Ölduselsskóla þar með talið sundlaugarhúsið. Utanhússástand Ölduselsskóla er slæmt, finna má sprungur víða í múrhúð, glugga sem eru komnir á tíma, lélegan gluggafrágang og lélegt dren. Léleg loftgæði og loftun eru í skólanum og finnst slæm lykt víða. Slæm lykt finnst einnig í skrifstofum kennara á 2. hæð. Niðurstöður DNA ryksýna benda til þess að rakaskemmd byggingarefni séu til staðar í skólanum. Ekki er vitað hvaða viðgerðir eða viðhald hefur verið framkvæmt í skólanum. Ef þrif hafa hins vegar ekki verið nægilega vönduð eftir framkvæmdir, er mögulegt að eldra ryk hafi verið til staðar í sýnunum, sem gæti haft áhrif á niðurstöður DNA-greiningarinnar. Hátt hlutfall byggingarefnissýna sem voru tekin víða í 2., 3. og 4. áfanga voru mygluð og náði myglan í einhverjum tilfellum djúpt ofan í steypuna sem bendir til þess að um langvarandi rakaástand sé að ræða og er greinilegt að fara þarf í þó nokkrar viðhaldsaðgerðir. Rakahækkun mælist víða í gólfi og veggjum við útveggi líklega vegna lélegs drens, lagnaleka, leka meðfram klæðningu og leka frá gluggum. Áhætta vegna þeirra afleiðinga sem ívera fólks í rakaskemdum byggingum hefur á heilsu þess er þekkt og því ætti að bregðast við strax þegar upplýsingar liggja fyrir um leka eða raka í húsnæði til þess að koma í veg fyrir eða takmarka þá áhættu sem rakaskemmdir í byggingum hafa á heilsu þeirra sem dvelja þar.

6 ÚRBÓTATILLÖGUR

Í ljósi niðurstaðna er ljóst að grípa þarf til úrbóta bæði innan- og utandyra. Mikilvægt er að finna rót vandans og stöðva allan leka áður en ráðist er í fullnaðar endurbætur innanhúss. Þá þarf að tryggja að rakaskemmd efni séu fjarlægð og rétt efnisval notað við endurbyggingu. Þar sem ekki er hægt að stöðva raka strax er yfirleitt lagt til að fjarlægja skemmd efni og ganga frá svæðinu þannig að það stuðli ekki að frekari mygluvexti og rakaskemmdum sem spilla loftgæðum, á meðan beðið er eftir viðgerð. Þannig er gætt að heilsu og vellíðan notenda skólans. Mælt er með að finna tímabundið húsnæði áður en farið er í úrbætur.

Við mat á úrbótum leggja ráðgjafar VERKVIST áherslu á að nýta tækifærið til að skoða jafnframt aðra þætti sem skipta máli fyrir notendur hússins og skólastarfið, svo sem aðgengismál, brunavarnir, lýsingu, hljóðvist, rýmisnýtingu og önnur hagnýt atriði. Nota ætti jafnframt tækifærið til að samræma lausnirnar nútímakröfum um öryggi, aðgengi og gæði innivistar. Mat á viðhaldsleiðum byggist bæði á ástandi hússins, upprunalegri hönnun og tilgangi þess. Skilgreina þarf hvaða árangur er ásættanlegur: hvort viðhald sem endist í 5–8 ár dugi, eða hvort stefnt sé að varanlegri lausn með endingartíma upp á 30–50 ár.

Þegar kemur að innivist þarf jafnframt að meta notkun hússins út frá eftirfarandi þáttum:

- Hverjir nota húsið og í hvaða magni?
- Eru notendur sérstaklega næmir fyrir rakaskemmdum eða slæmum loftgæðum?
- Er húsið notað í heild eða aðeins að hluta?
- Eru vandamálin staðbundin eða kerfisbundin?
- Er hægt að ráðast í skaðaminnkandi framkvæmdir?
- Hver er kostnaður og rask á daglegri skólastarfsemi á framkvæmdatíma?

Til einföldunar má flokka úrbætur við Ölduselsskóla í þrjár megintillögur:

- **Leið A:** Allsherjar endurnýjun. Þetta er varanleg lausn sem á að endast í 30–50 ár.
- **Leið B:** Hluta endurnýjun. Þetta er tímabundin lausn sem er áætlað að endist um 5-8 ár.
- **Leið C:** Staðbundnar aðgerðir. Þetta er einnig tímabundin lausn sem er áætlað að endist um 2-5 ár.

ATRIÐI SEM RANNSAKA ÆTTI BETUR ÁÐUR EN FARIÐ ER Í ÚRBÆTUR

Miðað við niðurstöður sýnatöku, sjónskoðunar og rakaskimunar er nauðsynlegt að fara þarf í frekari rannsóknir. Ítarlegri umfjöllun finnst í viðhengi í skjali ***1241-109-ORD-05-V01-Frekari rannsóknir.pdf***

- Lagnir: Fara í lagnamyndatöku á regnlögnum, drenlögnum, fráveitulögnum og brunnum fyrir restina af skólanum.
  - Teikna á grunnmynd/lagnateikningu hvar stíflur finnast.
  - Losa allar stíflur sem finnast í lögnunum.
  - Skrá niður hæðarkóta á drenlögnum til að sjá hvort lagnir eru í réttri hæð.
  - Skrá niður athugasemdir um skynsamlegar úrbætur á lögnum ef það er augljóst við myndatöku/skoðun.
  - Gera yfirlit af myndun lagna varðandi hvað var myndað, hvað var ekki myndað.
  - Gera yfirlit yfir lagnagerð/tegundir lagna, í mismunandi litum til glöggvunar.
- Fara í úttekt á loftræsikerfi, skipuleggja reglulega hreinsun á loftræsikerfi á t.d. tveggja ára fresti.

- Almennt þarf að fara í frekari rannsóknir á nær öllum rýmum skólans samhliða framkvæmdum eða endurbótaaðgerðum. Sem dæmi má nefna.
  - Hlutfallsrakamæla botnplötu/fyllingu þar sem mikil rakahækkun finnst eða mygla greinist til að kortleggja og meta umfang rakaskemmda.
  - Taka fleiri byggingarefnissýni í rýmum þar sem slæm niðurstaða DNA ryksýna fékkst eða í þeim rýmum þar sem mygla greindist til að kortleggja betur umfang rakaskemmda.
  - Taka fleiri DNA sýni t.d. í 1. áfanga á 2.hæð.
  - Loftgæðamæla rými þar sem slæm lykt eða loftun finnst.
  - Opna byggingarhluta til að rekja orsök rakavandamála t.d. í þaki, útveggi, innveggi o.s.frv.
  - Fara yfir allar gluggaþéttingar.

LEIÐ A - ALLSHERJAR ENDURNÝJUN

Það er hagkvæmt að rannsaka samhliða framkvæmdum í leið A.

Það felur í sér:

- Gera við öll þök, þétta eftir þörf, fjarlægja hellur, hreinsa trjágróður, skipta út rakaskemmdu timbri í hallandi þaki
- Endurnýjun á bæði ytra og innra byrði skólans.
  - Einangra húsið að utan.
  - Skipta út gömlum lélegum gluggum.
  - Hreinsa múr og öll einangrunarefni innan af veggjum.
  - Sótthreinsa burðarveggi og múra.
  - Meta ástand pottastamma í frístund, hvort þeir séu orðnir ryðgaðir og leka.
- Taka fleiri byggingarefnissýni til að meta umfang rakaskemmda.
